


„Hann vildi aldrei láta kalla sig ljósmyndara"

„FÁTT fór meira í taugarnar á honum en ljósmyndarar á ferðalagi, því þeir töfðu svo fyrir."

Síst skyldi maður ætla að þessi orð væru höfð um Gunnar Hannesson, ljósmyndara, sem hefur verið manna ötulastur við að ferðast um byggðir og óbyggðir og festa á filmu fegurð íslenzkrar náttúru, sem svo mjög heillaði hann.

Sannleikurinn er nú samt sá, að þannig fórust Gunnari Gunnarssyni orð um föður sinn, Gunnar Hannesson, í viðtali, sem Morgunblaðið átti við hann. Þó skal tekið fram að þetta var áður en *Gunnar smitaðist sjálfur af ljósmyndabakteríunni*. Með viðtalinu birtum við nokkrar af ljósmyndum Gunnars.

Gunnar Hannesson fæddist í Reykjavík og bjó þar alla tíð, þar til hann lézt í júní á þessu ári, 61 árs að aldri. Hann var kvæntur Margréti Kristjánsdóttur frá Vestmannaeyjum og áttu þau 3 börn, Gunnar, Hannes og Kristrúnu.

Listræn túlkun Gunnars á íslenzkri náttúru í ljósmyndum hans hefur fyrir löngu borið hróður hans, ekki aðeins um landið, heldur einnig yfir fjöll og höf. Eftir hann liggur úrval stórkostlegra litmynda, svo margar að enginn hefur enn lagt í að koma tölu á þær. Það er því næsta ótrúlegt til þess að vita að það var ekki fyrr en árið 1964, þegar Gunnar var 49 ára, að hann eignaðist fyrstu ljósmyndavélina, en það var Canonette.

„Já, ég held að sú vél hafi eiginlega verið plötuð inn á hann," sagði Gunnar. Hann taldi það alltaf vera frænda sínum að kenna, eða þakka, að hann keypti fyrstu myndavélina. Einhver náungi af götunni kom inn til Marteins Einarssonar, þar sem Gunnar faðir minn vann, og vildi selja myndavél. Frændinn hvatti hann til kaupanna, sem síðan voru gerð. En þetta var upphafið að þessum geysilega áhuga á ljósmyndun, sem oft var svo mikill að okkur þótti alveg nóg um.

Hann hafði alltaf haft mikinn áhuga á að ferðast um landið og ljósmyndadellan breytti engu þar um, nema nú varð myndavélin óaðskiljanlegur förunautur hans í þessum ferðum. Hann gerði líka mikið af því að fljúga yfir landið og taka loftmyndir. Þetta var nú mest á miðhálendinu og suð-vestur horninu, en annars á hann myndir víðast hvar að af landinu, sennilega þó minnst frá Austfjörðum. Hann hafði orðið mjög aukinn áhuga á loftmyndum af landinu, en tækifærin voru honum ekki í hag.


Eina góða sögu hef ég heyrt um flug hans yfir landið, og hún er sú, að hann flaug mjög oft án hliðarglugga í vélinni. Af þessum ástæðum gat hann verið næstum hálfur út úr vélinni, og mér er sagt að kunnugir hafi talið að hann hefði aðeins þurft að greiða hálft gjald fyrir ferðina, fyrst hann var ekki nema hálfur inni í henni.

Sjálfur ferðaðist ég ekki mjög mikið með honum, en það var einkanlega einn maður, sem hann ferðaðist mest með í fyrstunni. Það var Pétur Þorleifsson og var þá farið á jeppa og flengzt um fjöll og firnindi. Hann hafði alveg ódrepandi áhuga á jeppum og ef hann frétti af nýjum jeppa á markaðinum, var hann ekki í rónni fyrr en hann var búinn að tala við alla kunningjana og segja þeim frá því. Frá því myndavélin kom til sögunnar átti hann líka alltaf jeppa, enda nauðsynlegt í óbyggðaferðum.

Hann ferðaðist líka mikið með Gísla Eiríkssyni og fór í fjölmargar hópferðir með Guðmundi Jónassyni. Hann var einnig í Lionsklúbbnum Frey, og þar voru margir ferðamenn, sem tóku sig gjarnan saman í smáhópa og fóru í ferðir."

— En þið krakkarnir og móðir þín. Ferðuðust þið ekki mikið með honum?

„Móðir mín fór oft með honum. Hún var farin að læra af reynslunni og hafði alltaf með sér mikið lesefni, því hann gat átt það til að stökkva allt í einu út úr bílnum með allar græjurnar og var horfinn eftir andartak bak við næstu hæð eða hvarf. Það var aldrei hægt að vita hvenær hann kæmi aftur, kannski eftir 10 mínútur, kannski eftir marga klukkutíma."



„Hann gat verið mjög óvarkár og mér liggur við að segja glanni í þessum ferðum sínum. Ég man eftir því, að einu sinni var hann á ferð um Vatnajökul ásamt fleiri mönnum. Þeir voru einir 5 eða 6, sem voru að fara í böndum yfir sprungu og hann var síðastur. Þegar þeir voru komnir yfir kallaði hann allt í einu: „Bíðið aðeins," og þar með var hann búinn að losa sig úr bandinu og þotinn einn aftur yfir sprunguna á hengju, en hinir horfðu orðlausir á eftir honum, án þess að geta nokkuð aðhafzt. En þá hafði hann séð eitthvað og þá bar áhuginn gætnina ofurliði.

Hann gat líka verið alveg einstaklega þolinmóður, beðið tímunum saman eftir einhverri ákveðinni birtu, sem hann vildi fá. Annars er ekki hægt að segja að hann hafi verið þolinmóður maður. En ef það var mynd — þá gat hann beðið."

— Eins og flestir vita tók faðir þinn svo til eingöngu landslagsmyndir. En tók hann ekki einnig margar myndir af fjölskyldunni?

„Stundum tók hann fjölskyldumyndir, jú, en hann sýndi þær sjaldan. Hann hafði meiri áhuga á að sýna okkur myndir af fjalli eða mótívi og sjá mismuninn á þeim eftir því hvernig birtan féll og á hvaða ljósopi myndirnar voru teknar. Það var hlutur, sem hann vildi að við skoðuðum.

Það er líka furðulegt að þó hann hefði þennan mikla áhuga á landinu, fór hann ekki til útlanda nema af nauðsyn — og aldrei til að mynda."

— Hvert var upphafið að því að myndir hans komu fyrir almenningssjónir, í blöðum, tímaritum og víðar?

„Fyrstu myndirnar hans birtust í tímaritinu Iceland Review, sem þá var í eigu Haralds J. Hamars og Heimis Hannessonar. Það tímarit fer út um allan heim, eins og menn vita, og upp úr því fóru að koma fyrirspurnir erlendis frá og óskir um að fá myndir. Ég held einmitt að það hafi verið í gegnum þetta tímarit, sem hann fékk sín sambönd erlendis. Eftir þetta átti hann altaf ákaflega ánægjulegt samstarf við Harald J. Hamar og m.a. gáfu þeir út bækurnar „Vatnajökul" og „Reykjavík", sem eingöngu voru með myndum föður míns, en einmitt þessir tveir staðir voru honum einna hjartfólgnastir.

Þá hefur mikið af myndum hans birzt á almanökum Eimskipafélagsins, Kassagerðarinnar og í fjölmörgum blöðum og tímaritum, sem ég kann ekki að nefna."

— Svo hefur hann haldið nokkrar *sýningar á ljósmyndum sínum?*

„Já, honum var boðin þátttaka í sýningunni Ljós '73 á Kjarvalsstöðum og einnig sýndi hann litskyggnur á sýningunni Ísland — Íslendingar, sem haldin var á Kjarvalsstöðum í tengslum við þjóðhátíðina '74."

— Já, og ekki má gleyma sýningunni í Nikkon House í New York á síðastliðnum vetri.

„Já, hann fór til New York í september og fékk þá viðtal við forstjóra Nikkon-hússins, sem í sjálfu sér er ekki svo mikil viðurkenning. En það, að honum var boðið að sýna þar eftir mjög stuttan tíma, 2—3 mánuði, er mikil viðurkenning, því þangað er einungis boðið þekktum og viðurkenndum ljósmyndurum og sumir þurfa að bíða í marga mánuði og jafnvel ár eftir að fá að sýna myndir sínar.

Flugleiðir stuðluðu mjög að þessum tveim ferðum, og við opnunina var á þeirra vegum boðið mjög mörgum aðilum ferðamála og blaðamönnum þar í borg. Þarna, eins og annars staðar, átti hann hauk í horni, Hrefnu Hannesdóttur, *starfsmann hjá Flugleiðum í New* York. Hún veitti honum ómetanlega aðstoð við undirbúning og uppsetningu sýningarinnar."

„Hins vegar vildi hann aldrei láta kalla sig ljósmyndara og leiðrétti það ef það var gert. Ég veit ekki af hverju. Hann var náttúrulega ekki lærður og hafði ekki leyfi til þess, en ég held að það hafi bara verið vegna þess, að hann vildi það ekki. Hann leit fyrst og fremst á sig sem áhugamann, og þetta var hans tómstundagaman og t.d. vildi hann ekki taka myndir eftir pöntun þó um vini og kunningja væri að ræða."

— Margir hafa sagt mér frá hinum geysilega fallega garði á Miklubrautinni og sérstaklega hversu mikinn áhuga hann hafði á rósarækt?

